

## Auglýsing um framlög til þróunarsamvinnuverkefna félagasamtaka

Utanríkisráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um framlög sem veitt eru á grundvelli reglna um styrkveitingar utanríkisráðuneytisins til félagasamtaka í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð.

### Um framlögin

Veitt verða framlög til þróunarsamvinnuverkefna er koma til framkvæmdar í lágtekjuríkjum og lágmillitekjurríkjum, skv. lista Þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (DAC) um viðtökulönd opinberrar þróunaraðstoðar ([https://www.oecd.org/dac/financing-sustainable-development/development-finance-standards/DAC\\_List\\_ODA\\_Recipients2018to2020\\_flows\\_En.pdf](https://www.oecd.org/dac/financing-sustainable-development/development-finance-standards/DAC_List_ODA_Recipients2018to2020_flows_En.pdf)).

Við mat á umsóknum verður stuðst við viðeigandi matsform sem er að finna á heimasíðu utanríkisráðuneytisins (<https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/throunarsamvinna/samstarf-vid-borgarasamtok/uthlutunarreglur-og-umsoknir/>). Jafnframt verður sérstaklega litið til verkefna með skírskotun til mannréttinda og samstarfs við atvinnulífið.

### Styrkhæfir aðilar

Til að teljast styrkhæf þurfa samtök að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Vera skráð í fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra sem félagasamtök að annaðhvort rekstrarformi eða skv. starfsgreinaflokkun
- Starfa í þágu ófjárhagslegs tilgangs
- Hafa sett sér lög og hafa stjórn
- Félagsmenn, styrktaraðilar eða stuðningsaðilar eru minnst 30 talsins
- Tilgangur samtakanna gangi ekki gegn yfirmarkmiðum íslenskrar þróunarsamvinnu
- Halda í heiðri grundvallarreglur um mannúðaraðstoð
- hafa lagt fram áritaðan ársreikning í samræmi við kröfur Ríkisendurskoðunar

Umsækjendur þurfa uppfylla þær kröfur um meðferð og vörslu fjármuna á sviði þróunarsamvinnu sem Ríkisendurskoðun gerir.

### Styrkfjárhæðir í boði

Til úthlutunar að þessu sinni er allt að 70 m.kr. Heimilt er að veita styrk til sama verkefnis til allt að fjögurra ára, með fyrirvara um fjárheimildir fjárlaga hvers árs. Styrkuppþæð þróunarsamvinnuverkefna getur numið allt að 80% af heildarkostnaði við verkefnið.

### Atriði sem þurfa að koma fram í umsókn

Vísað er í reglur utanríkisráðuneytisins nr. 300/2019 um styrkveitingar til félagasamtaka í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð.

Í umsókn skal umsækjandi meðal annars lýsa með greinargóðum hætti markmiðum verkefnis sem liggur til grundvallar umsókn, áætlun um framkvæmd þess og tíma- og kostnaðaráætlun. Þá skal koma fram mat á áhrifum verkefnisins. Njóti umsækjandi annarra styrkja eða framlaga vegna verkefnisins skal gera grein fyrir slíkum framlögum eða styrkjum.

Umsækjendum er bent á umsóknareyðublöð, reglur utanríkisráðuneytisins nr. 300/2019 um styrkveitingar, matsviðmið og aðrar leiðbeiningar sem eru að finna á heimasíðu ráðuneytisins

[\(https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/throunarsamvinna/samstarf-vid-borgarasamtok/uthlutunarreglur-og-umsoknir/\)](https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/throunarsamvinna/samstarf-vid-borgarasamtok/uthlutunarreglur-og-umsoknir/).

Úthlutun styrkja fer eftir þeim skilmálum sem fram koma í reglum ráðuneytisins og leiðbeiningum Ríkisendurskoðunar, sem finna má á ofangreindri heimasíðu.

Einungis umsóknir sem uppfylla skilyrði auglýsingar og úthlutunarskilmála verða teknar til greina.

Um styrkveitingar til verkefna félagasamtaka í málaflokknum gilda lög um opinber fjármál nr. 123/2015 og reglugerð nr. 642/2018 um styrkveitingar ráðherra.

**Matshópur, tímafrestur og áætlaður afgreiðslutími**

Umsóknir þurfa að berast fyrir miðnætti mánudagsins 20. maí 2019 í netfangið [felagasamtok.styrkir@utn.stjr.is](mailto:felagasamtok.styrkir@utn.stjr.is).

Utanríkisráðherra úthlutar styrkjum að fengnum álitum þriggja manna matshóps sem er skipaður tveimur óháðum sérfræðingum á sviði þróunarsamvinnu og fulltrúa utanríkisráðuneytisins.

Áætlað er að niðurstöður ráðherra liggi fyrir í júlí 2019.

Nánari upplýsingar veitir Ágúst Már Ágústsson, sérfræðingur í utanríkisráðuneytinu: [agust.agustsson@utn.stjr.is](mailto:agust.agustsson@utn.stjr.is).